

Ákvæði um auglýsingar í frumvarpi um heilbrigðisstarfsmenn

Ákvæði læknalaga nr. 53/1988:

H. Auglýsingar.

■17. gr. Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknavarkseml sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

□Læknum og stéttarfélagum þeirra ber að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.

Ákvæði í drögum frumvarps sem sent var til umsagnar í desember 2008:

24. gr.

Markaðssetning og auglýsingar.

Við markaðssetningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um markaðssetningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu, svo sem bann við ákveðinni aðferð við markaðssetningu og auglýsingar.

(Haft var samráð við landlækni og Læknafélag Íslands við samningu ofangreinds ákvæðis.)

Umsögn landlæknis um 24. gr. draga að frv. frá des. 2008:

Greinin fjallar um afnám auglýsingabanns, eins og við þekkjum það í dag. Landlæknisembættið hefur áður fagnað framkominni þingsályktunartillögu um rýmkun á heimildum til auglýsinga. Það er löngu orðið tímabært að heilbrigðisstarfsmenn hafi leyfi til að kynna starfsemi sína, enda heilbrigðiskerfið orðið flóknara en það var þegar lögin voru sett. Hins vegar þarf að gera greinarmun á upplýsingum og skrumauglýsingum. Koma þarf í veg fyrir hið síðarnefnda. Í 2. málgr. er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánara ákvæði um markaðssetningu og auglýsingar. Réttara væri að setja að ráðherra skuli setja slíka reglugerð.

Ákvæði 24. gr. frumvarps sem lagt var fram í júní 2009:

Upplýsingar um þjónustu heilbrigðisstarfsmanna.

Við veitingu upplýsinga um heilbrigðisþjónustu skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um veitingu upplýsinga um heilbrigðisþjónustu.

Umsögn landlæknis til heilbrigðisnefndar vegna frv. frá júní 2009:

Um 24. gr. Greinin varðar upplýsingar um þjónustu heilbrigðisstarfsmanna. Hér er einungis talað um upplýsingar, en ákvæði 17. og 18. gr. læknalaga um auglýsingar

felld brott. Með nokkrum rétti má segja að hér sé um að ræða mestu breytinguna sem felst í núverandi lagafrumvarpi, en með greininni er heilbrigðisstarfsmönnum veitt algjört frelsi til auglýsinga. Slik breyting er mjög óheillavænleg og mun væntanlega leiða til aukins kostnaðar, bæði sjúklinga og ríkisins, auk þess sem ekkert eftirlit verður með innihaldi auglýsinga. Orðalag greinarinnar, þar sem talað er um upplýsingar gefur tilefni til opinnar og víðfeðmra túlkana.

Ljóst er að nauðsynlegt er að breyta núverandi laggaákvæði um nánast fortakslaust bann við auglýsingum. Hin ströngu ákvæði núgildandi laga eru augljóslega gamaldags og ekki í takt við tímann né það sem tíðkast í nágrannalöndum. Þá hefur orði breyting með tilkomu internetsins og heimasíðna. Rétt er að hér komi inn eitthvert ákvæði sem banni skrumauglýsingar eða óeðlilega markaðssetningu, án þess þó að hefta eðlilegt upplýsingastreymi.

Umsögn LSH um frv. frá júní 2009:

Heiti greinarinnar er villandi og ekki augljóst hvað átt er við. Orðalagið “veiting upplýsinga um heilbrigðisþjónustu” er mjög víðtækt og opið. **Lagt er til að greinin verði eins og upphaflega í drögum að frumvarpinu**, þ.e. “*Við markaðssetningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.*” Þá er lagt til að heiti greinarinnar verði eins og upphaflega var lagt til, þ.e. “*Markaðssetning og auglýsingar*”.

Með hliðsjón af fyrrgreindum umsögnum landlæknis og Landspítala var ákvæðið úr desember frumvarpinu tekið upp í frumvarpið sem lagt var fram í október 2009. Eina breytingin er sú að í stað orðsins markaðssetning kemur orðið kynning.

Greinin er því svo hljóðandi í frumvarpi því sem nú er til meðferðar Alþingis:

Kynning og auglýsingar.

Við kynningu heilbrigðisþjónustu og auglýsingar skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu, svo sem bann við ákveðinni aðferð við kynningu eða auglýsingar.